

Fimmtudaginn 17. desember 1992.

Nr. 107/1991. **Þorvaldur Ólafsson**
(Jón G. Briem hrl.)

gegn

Þrotabúi Hafskips hf.
(Gestur Jónsson hrl.).

Gjaldþrot. Umboðssamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. mars 1991. Hann krefst þess að verða „sýknaður af kr. 4.726.795,00 auk tilsvarendi vaxta og að kröfur stefnanda í héraði verði að öðru leyti lækkaðar verulega“. Hann krefst málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi byggir kröfur sínar í fyrsta lagi á því, að hluti kröfu stefnda, 4.726.795 krónur, sem gjaldfallinn var fyrir 4. október 1985, ásamt vöxtum, sé fyrndur samkvæmt 1. eða 2. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda. Þá heldur áfrýjandi því fram, að samningi sínum og Hafskips hf. hafi verið breytt munnlega á þann veg, að hann hafi ekki að neinu leyti átt að bera tap af rekstri starfsemi þeirrar, sem hann tók að sér samkvæmt samningnum við félagið. Verði eigi á það fallist, er því haldið fram, að leita beri sömu niðurstöðu með því að breyta efni samnings síns við Hafskip hf. samkvæmt heimild í ákvæði 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sbr. 6. gr. laga nr. 11/1986. Þá mótmælir áfrýjandi því, að sér verði gert að greiða vexti af kröfu stefnda. Vexti megi fyrst reikna frá þeim tíma, er krafa var gerð af hálfu stefnda á árinu 1987. Ekki séu fyrir hendi nein samtímagögn um vextina, og þeir hafi ekki verið færðir á viðskiptareikning sinn.

Í hinum áfrýjaða dómi er gerð grein fyrir því efni samnings áfrýj-

anda og Hafskips hf. frá byrjun árs 1984, er hér skiptir máli. Er ágreiningslaust, að eftir gjaldþrot Hafskips hf. 6. desember 1985 annaðist áfrýjandi starfsemi þessa fyrir Íslenska skipafélagið hf. á grundvelli umrædds samnings.

Staðfesta ber niðurstöðu héraðsdóms um, að ekki sé grundvöllur til að telja hluta höfuðstóls skuldarinnar fyrndan. Þá eru ekki skilyrði til að breyta efni samnings áfrýjanda við Hafskip hf. á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936, sbr. 6. gr. laga nr. 11/1986.

Stefndi fékk dómkvadda matsmenn til að gefa yfirlit yfir höfuðstól skuldar áfrýjanda við Hafskip hf. og Íslenska skipafélagið hf. af viðskiptum hans við þau. Er gerð grein fyrir matsgerðinni og niðurstöðum matsmanna í hinum áfrýjaða dómi.

Fram er komið, að Hafskip hf. tók á sig að greiða hluta af tapi áfrýjanda á rekstri skipaafgreiðslunnar 1984, og hefur krafa stefnda verið lækkuð sem því nemur. Er þetta ágreiningslaust.

Samkvæmt framburði Ragnars Kjartanssonar, framkvæmdastjóra Hafskips hf., og Sigurþórs C. Guðmundssonar, aðalbókara félagsins, fyrir skiptarétti Reykjavíkur og héraðsdómi í máli þessu, kemur fram, að áfrýjanda hafi á árinu 1985 verið gefið vilyrði um, að félagið tæki þátt í að greiða tap, sem verða kynni af þessari starfsemi hans, að því tilskildu, að hann lækkaði kostnað við reksturinn og reyndi að samræma hann tekjum. Í skráðum minnisatriðum Sigurþórs frá fundi í marsmánuði 1985 kemur fram, að áfrýjanda hafi verið „beinlínis lofað að hann yrði ekki látinn tapa á dæminu“.

Telja verður fram komið, að forsendur þær, sem lagðar voru til grundvallar samskiptum áfrýjanda og félagsins í upphafi, hafi brugðist að nokkru leyti og flutningar með skipum þess orðið minni en áður. Með samkomulaginu, sem gert var í marsmánuði 1985, tók félagið á sig að greiða hluta af tapi á þessum rekstri áfrýjanda árið 1984, eins og fyrr er getið. Þykir mega skýra ummæli fyrirsvarsmanns og starfsmanns Hafskips hf. svo, að áfrýjanda hafi verið lofað, að aðstoð félagsins við hann yrði svipuð og áður. Fram er komið, að áfrýjandi sendi félaginu mánaðarlega skilagrein um viðskipti mánaðarins á undan, þar sem fram kom einnig kostnaður við umboðsstarfsemi hans. Gögn áfrýjanda um reksturinn eru ófullkomin og veita ekki fullnægjandi upplýsingar um, hvert tap varð

á þessum rekstri hans, en telja verður þó nægilega fram komið, að tap hafi orðið. Sjá má í gögnum málsins, að í bókhaldi Hafskips hf. hafi í október 1985 verið færð þátttaka í taprekstri áfrýjanda það ár, að fjárhæð 1.385.055 krónur, með fyrirvara um samþykki. Fjárhæðin hafi verið færð til baka að ósk skiptastjóra við uppgjör eftir gjaldþrot félagsins, þar sem samþykkið lá ekki fyrir. Rétt þykir með tilliti til þess, sem hér hefur verið rakið, að lækka höfuðstól kröfu stefnda að álitum um 650.000 krónur.

Í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna kemur fram, að í bókhaldi Hafskips hf. voru ekki færðir dráttarvextir af viðskiptaskuld áfrýjanda fyrr en í október 1985 og þá aðeins í þeim mánuði og svo ekki á ný fyrr en í febrúar 1986, eftir að félagið var orðið gjaldþrota. Af gögnum málsins kemur fram, að í febrúar 1986 hafi farið fram árangurslausar tilraunir stefnda til að fá áfrýjanda til að ganga til uppgjörs. Þykir rétt með hliðsjón af þessu og með vísan til ákvæðis 3. mgr. 9. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, að áfrýjanda verði ekki gert að greiða dráttarvexti af skuld sinni fyrr en frá 1. apríl 1986.

Samkvæmt þessu verða úrslit málsins þau, að áfrýjandi verður dæmdur til að greiða stefnda 6.787.153 krónur ($7.437.153 \div 650.000$) með dráttarvöxtum frá 1. apríl 1986, eins og í dómsorði segir.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um málskostnað.

Áfrýjandi greiði stefnda 350.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Þorvaldur Ólafsson, greiði stefnda, þrotabúi Hafskips hf., 6.787.153 krónur með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. apríl 1986 til 1. mars 1987 og 2,5% frá þeim degi til 14. apríl s. á, en frá þeim degi til greiðsludags með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um málskostnað.

Áfrýjandi greiði stefnda 350.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Keflavíkur 5. febrúar 1991.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. janúar sl. að loknum munnlegum málflutningi, var höfðað fyrir bæjarþingi Keflavíkur með stefnu, birtri 4. október 1989.

Stefnandi er þrotabú Hafskips hf., nnr. 1380-3005, Skógarhlíð 6, Reykjavík.

Stefndi er Þorvaldur Ólafsson, nnr. 9816-6874, Drangavöllum 4, Keflavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda skuld, að fjárhæð 9.485.529 kr., ásamt [nánar tilgreindum dráttarvöxtum svo og málskostnað].

Af hálfu stefnda eru gerðar þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af 4.726.795 kr. auk tilsvarende vaxta og að stefnukröfur að öðru leyti verði lækkaðar verulega og stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu.

Þess er krafist, að málskostnaður beri dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu. Jafnframt er þess krafist, að stefndi greiði stefnanda virðisauka-skatt á dæmdan málskostnað.

II.

Aðdragandi málsins er sá, að í byrjun árs 1984 var gerður samningur milli Hafskips hf. annars vegar og stefnda hins vegar, þar sem stefndi gerðist umboðsmaður Hafskips hf. á Suðurnesjum. Aðalefni samningsins var, að Hafskip hf. færði vörur, sem það flutti til landsins fyrir viðskiptamenn á umboðssvæði stefnda, í vöruhús hans í Keflavík. Stefndi geymdi síðan vöruna, afgreiddi hana til eigenda jafnframt því að innheimta farmgjöld. Jafnframt því réð stefndi samkvæmt samningnum verkafólk við skipaafgreiðslu, útvegaði vinnuaðstöðu á hafnarbakka, krana, lyftara og fleira. Stefndi fékk samkvæmt samningi tiltekið hlutfall flutningsgjalda í þóknun fyrir umboðsmennsku sína, 1-2%, auk hluta uppskipunargjalda, aksturs- og vaxtatekna og gjalda vegna vöru, er hann geymdi í vörugeymslu sinni umfram ákveðinn dagafjöldi. Þá skyldi stefndi einnig njóta 70% uppskipunargjalda fram til áramóta 1984/85 samkvæmt bráðabirgðasamkomulagi, sem fram kemur í fylgiskjali með samningnum. Í fylgiskjalinu kemur einnig fram, að stefndi gerði að tillögu sinni, að Hafskip hf. legði fram fé vegna stofnkostnaðar umboðsins, 470.000 kr. Þessu var hafnað af forráðamönnum Hafskips hf., en samkomulag gert um, að ofangreind fjárhæð mætti vera í skuld vaxtalaus á viðskiptareikningi hans hjá Hafskip hf., og skyldi það sæta endurskoðun síðar.

Stefndi hefur borið fyrir rétti, að fyrir gerð samningsins hafi legið fyrir

af hálfu Hafskips hf. áætlanir um heildartekjur væntanlegs umboðs. Á grundvelli þeirra hafi verið ákvörðuð þóknun til hans og aðrar tekjur. Stefndi hafi hins vegar séð, að þær tekjur myndu ekki nægja fyrir hallalausum rekstri umboðsins miðað við kostnaðaráætlanir, er hann gerði ásamt endurskoðanda sínum. Vegna þessara efasemda hafi ákvæði á fylgiskjöllum samningsins komið til. Auk þessara viðbótarákvæða taldi stefndi sig hafa fengið vilyrði viðsemjenda sinna um, að hann bæri ekki halla af rekstrinum.

Viðskipti stefnda og Hafskips hf. fóru fram í samræmi við samning þeirra, þ. e. Hafskip hf. skuldfærði stefnda á viðskiptareikningi fyrir öllum flutningsgjöldum af þeim vörum, sem til umboðsins fóru, svo og öllum eftirkröfum og kostnaði vegna flutningsins. Jafnframt voru stefnda færðar til tekna í einu lagi umboðslaun hans af sömu flutningum.

Samkvæmt samningnum bar stefnda að gera mánaðarlega skil á greiddum flutningskostnaði og senda Hafskipi hf. uppgjör fyrir 20. hvers mánaðar. Starfsmaður stefnda annaðist gerð þessara skilagreina og sendi þær Hafskipi hf. fyrir tilskilinn dag ásamt kostnaðarreikningum umboðsins. Skilagreinum skyldu fylgja yfirlit yfir útistandandi ógreiddan flutningskostnað, enda var það á ábyrgð stefnda, ef hann veitti gjaldfrest á greiðslu hans. Um hver mánaðamót sendi síðan Hafskip hf. umboðinu yfirlit um stöðu viðskiptanna.

Í árslok 1984 og í byrjun árs 1985 mótmæltu forráðamenn Hafskips hf. bréflaga uppgjörum og skilagreinum frá stefnda og sérstaklega þeirri aðferð að draga ákveðinn kostnað við rekstur umboðsins frá tekjum Hafskips hf. við skil til félagsins.

Samkvæmt bókhaldi stefnda reyndist verulegur halli á rekstri umboðsins árið 1984. Voru rekstrargjöld mánuðina apríl til desember 1984 1.715.552 kr. umfram tekjur, og gerði stefndi kröfu um, að Hafskip hf. greiddi þann mun. Eftir nokkrar viðræður var gert samkomulag þess efnis, að Hafskip hf. tæki að sér að greiða 70% rekstrargjalda umboðsins umfram tekjur fyrir starfsárið 1984. Stefndi hefur haldið því fram, að með þessu samkomulagi væri hann að taka á sig 30% af tapi á rekstrinum, sem þó yrði ekki til frambúðar. Hafi niðurstaða þessa samkomulags og umræðna, er fram fóru í kjölfarið, verið, að Hafskip hf. ætlaði að leysa málið þannig, að stefndi yrði skaðlaus af rekstri umboðsins. Hafi Hafskip hf. ætlað að greiða allan breytilegan kostnað og sanngjarnan fastan kostnað við reksturinn.

Hafskip hf. fékk greiðslustöðvun (sic) 18. nóvember 1985, og sama dag var stofnað nýtt skipafélag, Íslenska skipafélagið hf., sem tók við Íslands-siglingum Hafskips hf. Við stofnun Íslenska skipafélagsins hf. tók stefndi að sér umboð fyrir það félag á Suðurnesjum á sama grundvelli og hann

hafði áður gert fyrir Hafskip hf. Íslenska skipafélagið hf. framseldi Útvegsbanka Íslands kröfur sínar á hendur stefnda, sem síðan framseldi kröfurnar til stefnanda. Í máli þessu er í einu lagi gerð krafa um skil fyrir umboð fyrir Hafskip hf. og Íslenska skipafélagið hf.

Með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur 6. desember 1985 var bú Hafskips hf. tekið til gjaldþrotaskipta. Þá þegar var óskað eftir uppgjöri frá stefnda, en samkvæmt bókhaldi Hafskips hf. skuldaði hann félaginu verulegar fjárhæðir. Þar sem ekki var orðið við þessu af hálfu stefnda, var haldinn fundur stefnda og bústjóra þrotabúsins 14. febrúar 1986. Lagði stefndi þá fram reikning, þar sem hann gerði þá kröfu, að stefnandi greiddi sér rekstrarhalla umboðsins frá 1. janúar 1985 til 30. apríl 1986, og taldi hann sig því eiga inneign hjá stefnanda. Samkvæmt viðskiptareikningi stefnanda 30. apríl 1986 nam höfuðstóll skuldar stefnda hins vegar samtals 7.524.340 kr., þ. e. í samræmi við bókhald Hafskips hf. og Íslenska skipafélagsins hf.

Á fundinum 14. febrúar 1986 bauð stefnandi stefnda, að allar óafgreiddar vörur hjá umboðinu yrðu fluttar til Reykjavíkur og afgreiddar frá þrotabúinu. Stefndi gæti þannig dregið úr þeim kostnaði, sem hann taldi sig verða fyrir við afgreiðslu þeirra. Jafnframt yrðu ógreidd flutningsgjöld vegna þessara vara bakfærð af viðskiptareikningi stefnda svo og umboðslaun hans. Ekki kom til þess, að stefndi tæki þessu boði stefnanda. Á fundi málsaðila 26. mars 1986 var ákveðið að láta yfirfara uppgjör stefnda fyrir árið 1985 með tilliti til þess, hvort þeir kostnaðarliðir, sem þar voru taldir, væru vegna rekstrar umboðsins og hvort hann teldist eðlilegur. Verk þetta var unnið af Þorvaldi Björnssyni, fyrrum fulltrúa forstjóra Hafskips hf., og skilaði hann athugasemdum sínum, dags. 8. apríl 1986. Stefndi fékk þessar athugasemdir til meðferðar og svaraði þeim með bréfi lögmanns síns, dags. 2. maí 1986. Ljóst var þá, að mikið bar á milli um viðskiptin, og leiddu frekari samningaumleitanir ekki til niðurstöðu. Á skiptafundi í þrotabúi Hafskips hf. 20. júní 1986 var skiptastjórum búsins falið að höfða mál þetta.

Mál til heimtu kröfu þessarar var þingfest fyrir bæjarþingi Keflavíkur 25. mars 1987, og gekk dómur 20. nóvember 1987. Stefndi áfrýjaði dómnum til Hæstaréttar, sem vísaði málinu frá héraðsdómi með dómi 17. mars 1989 á þeim grundvelli, að gögn þau, er stefnandi reisti kröfu sína á, veittu ekki nægilega traustan grundvöll, til þess að efnisdómur yrði lagður á kröfurnar.

Á grundvelli matsbeiðni, sem stefnandi lagði fyrir bæjarfógetann í Keflavík, voru dómkvaddir tveir hæfir og óvilhallir matsmenn til að „skoða og meta umboðsviðskipti stefnda og Hafskips hf. og segja til um, hver sé rétt fjárhæð skuldar hans við þrotabúi félagsins 30. apríl 1986 vegna umboðsviðskipta þessara aðila skv. skriflegum umboðssamningi þeirra“.

Matsmennirnir, Guðmundur Kjartansson og Sigurður P. Sigurðsson, lög-giltir endurskoðendur, skiluðu matsgerð, dags. 9. apríl 1990. Í matsgerð segir, að þess hafi verið óskað í matsbeiðni, að matsmenn létu í té eftir-farandi mat:

„1. Gefi yfirlit yfir höfuðstól skuldarinnar, eins og hann var í lok hvers mánaðar, frá 31.12. 1984 til 30. 4. 1986.

2. Segi, hver var uppreiknuð skuld umboðsmanns með dráttarvöxtum skv. lið 8.6. í samningnum 30. 4. 1986.“

Jafnframt hafi þess verið óskað í matsbeiðninni, að ósamþykkt tapspátt-taka skipafélagsins í rekstri umboðs matsþola, sem bókfærð var með fyrir-vara í október 1985, að fjárhæð 1.385.055 kr., yrði haldið utan við stöðu viðskiptareikninganna, en að samþykktu tappátttöku vegna ársins 1984, sem bókfærð var í ágúst, skyldi tekjufæra miðaða við áramótin 1984/1985. Þá var þess og óskað, að skuld matsþola við Íslenska skipafélagið hf. yrði talin til skuldar við matsbeiðanda í matsgerðinni.

Í matsgerðinni kemur fram, að matsmenn könnuðu færslur á tölvuút-skriftum vegna viðskiptareikninga nr. 00029 og nr. 00709 árin 1985 og 1986 og báru saman við reikningsyfirlit, sem Hafskip hf. var sagt hafa sent stefnda mánaðarlega á sama tíma. Við þá athugun hafi komið í ljós, að allar færslur á þessum reikningshreyfingum fyrir tímabilið komu fram í mánaðarlegum reikningsyfirlitum sömu viðskiptareikninga með einni undantekningu, sem skýrð er í matsgerðinni. Þá segir einnig í matsgerðinni, að matsmenn hafi kannað þau fylgiskjöl, sem viðskiptareikningar þessir byggðust á. Í því skyni skoðuðu þeir öll fylgiskjöl, sem komu ekki frá tekjubókhaldi, þ. e. a. s. allar innborganir, millifærslur o. þ. h., en völdu handahófsúrtak úr færslum frá tekjubókhaldinu. Stærð þess úrtaks var við það miðuð, að segja mætti til um með nægjanlegri nákvæmni, hvort færsl-urnar almennt væru rétt bókaðar að fengnum niðurstöðum úr skoðun mats-manna. Með aðstoð tölvu var valið handahófsúrtak 56 fylgiskjala af 549. Að skoðun þessara fylgiskjala lokinni var það álit matsmanna, að við-skiptareikningarnir gæfu sanna mynd af viðskiptum aðila.

Niðurstaða matsins er sú, að uppreiknuð skuld umboðsmanns með dráttarvöxtum skv. lið 8.6. í umboðssamningi 30.4. 1986 teljist vera 9.485.529 kr. Þá gera matsmenn grein fyrir á sérstökum fylgiskjölum með matinu höfuðstól skuldarinnar, eins og hann var í lok hvers mánaðar frá 31. 12. 1984 til 30. 4. 1986, svo og, hversu háir dráttarvextir voru sérstak-lega á hverju tímabili.

Matsmenn hafa komið fyrir réttinn og staðfest matsgerðina. Þá liggja fyrir réttinum endurrit vitnaskýrslna fyrir dómi af Þorvaldi Bergmanni Björnssyni og Sigurþóri Charlesi Guðmundssyni, fyrrum starfsmönnum Hafskips hf., Guðfinnu Eyjólfsdóttur, Friðjóni Þorleifssyni, starfsmönnum

umboðs Hafskips hf. í Keflavík, og Sigurði Ísfeld Ámundasyni, lögg. endurskoðanda stefnda, og Ragnari Kjartanssyni, fyrrum stjórnarformanni Hafskips hf. Stefndi hefur einnig gefið skýrslu fyrir dómi.

Af hálfu stefnanda er á því byggt, að stefnda beri að efna sinn hluta umboðssamnings við Hafskip hf. Samningur aðila fól í sér, að stefndi ræki umboðið fyrir eigin reikning sem verktaki. Hafði Hafskip hf. ekki ákvörðunarvald eða afskiptarétt af þeim kostnaði, sem stefndi stofnaði til við rekstur umboðs síns. Þetta var sama fyrirkomulag og gildi gagnvart öðrum innlendum umboðsmönnum Hafskips hf. Tekjur umboðsmannsins frá Hafskipi hf. voru skýrt markaðar í samningi aðila, og hafa þær allar verið greiddar honum í formi tekjufærslu á viðskiptareikningi hans. Efndi Hafskip hf. því alltaf sinn hluta hins gagnkvæma samnings þegar við afhendingu vöru í vöruhús stefnda. Verulega hafi hins vegar vantað á, að stefndi stæði við sinn hluta samningsins. Eftir fyrsta starfsár umboðsins, 1984, hafi verið gífurleg vanskil af hans hálfu. Taldi stefndi sig hafa tapað verulega á rekstri sínum. Varð að samkomulagi í mars 1985, að Hafskip hf. greiddi stefnda 1.200.000 kr. sem þátttöku í taprekstri hans. Jafnframt var stefnda gert ljóst, að kostnaður hans við rekstur umboðsins væri allt of hár og ekki kæmi til frekari þátttaka Hafskips hf. í þeim kostnaði, nema hann yrði skorinn niður og aðlagður tekjumöguleikum umboðsins. Þetta hafi hann ekki gert, og sé því félagið óbundið af þátttöku í útgjöldum stefnda.

Kröfugerð stefnanda er reist á niðurstöðu matsmanna, eins og hún er sett fram í matsgerð. Höfuðstóll dómkröfunnar er saman settur af „leiðréttri skuldastöðu“ 30. 4. 1986, sem er 7.437.153 kr., og á föllnum dráttarvöxtum þann dag, 2.048.376 kr. Í kröfugerðinni eru á fallnir dráttarvextir allir færðir til höfuðstóls 30. 4. 1986 í samræmi við kröfur 12. gr. vaxtalaga. Þá er litið svo á af hálfu stefnanda, að réttur stefnda til „vaxtalausrar skuldar“ skv. umboðssamningi, 470.000 kr., sé fallinn niður 30. 4. 1986, enda hafði umboðsmaður verið krafinn um fullnaðarskil skuldarinnar þegar við gjaldþrot Hafskips hf. í desember 1985.

Af hálfu stefnda er á því byggt í máli þessu, að ætíð hafi verið ljóst, að hann ætlaði ekki að bera tap, sem varð á rekstri umboðs Hafskips hf. á Suðurnesjum. Þetta hafi forsvarsmönnum félagsins verið gert kunnugt. Í ársbyrjun 1985 hafi verið gert samkomulag um, að Hafskip hf. tæki á sig 70% umframkostnaðar fyrir árið 1984, en stefndi bæri 30% kostnaðarins. Jafnframt því hafi orðið samkomulag um, að Hafskip hf. tæki á sig allan umframkostnaðinn (tapið) framvegis. Stefndi hafi sent Hafskipi hf. yfirlit yfir rekstrarkostnað umboðsins í samræmi við þetta. Ætlun aðila hafi verið að breyta upphaflegum samningi, en vegna mikilla erfiðleika í rekstri Hafskips hf. sumarið 1985 hafi því ekki verið lokið, þegar Hafskip hf. varð gjaldþrota.

Stefna í máli þessu hafi verið birt 4. október 1989. Byggt er á því, að fjögurra ára fyrningarfrestur eigi við um kröfunar, sbr. 1. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905. Sá hluti kröfunnar, sem gjaldfallinn sé fyrir 4. október 1985, sé því fyrndur. Gjaldalagi uppgjöra umboðsins sé samkvæmt umboðs-samningi 20. dagur næsta mánaðar eftir greiðslu flutningsgjalda. Þau flutningsgjöld, sem greidd voru í ágúst 1985 og fyrr, séu því fyrnd. Ekki er talið, að stefnandi hafi gætt ákvæða 11. gr. laga nr. 14/1905 um tíma-mörk til höfðunar hins nýja máls til að rjúfa fyrningu. Megi byggja á fylgi-skjali matsgerðar um fjárhæðir í þessu sambandi, en samkvæmt því séu 4.726.795 kr. gjaldfallnar 20. september 1985. Krafist sé sýknu af þeirri fjárhæð. Höfuðstóll skuldar og sá, sem vextir reiknast af, ætti því að lækka um þessa fjárhæð.

Að öðru leyti er krafist verulegrar lækkunar á stefnukröfunum. Byggt er á því, að sannað sé, að samningi aðila hafi verið breytt munnlega, þannig, að stefndi þurfi ekki að bera neitt af umframkostnaði við rekstur umboðsins. Til vara er á því byggt, að Hafskip hf. hafi sýnt í verki vilja til, að skipting umframkostnaðar yrði sú, að það bæri 70%, en stefndi 30%. Þetta teljist sannað með framburði vitna.

Þá byggir stefndi á, að heimilt sé með vísun til 36. gr. laga nr. 7/1936, sbr. 6. gr. laga nr. 11/1986, að breyta samningnum á sama hátt og hér að framan greinir. Kröfugerð stefnanda er mótmælt sem rangri og ósanna- aðri. Matsgjörð er mótmælt sem rangri og óstaðfestri. Þá er vaxtakröfunni sérstaklega mótmælt sem rangri. Upphafsdegi vaxta er mótmælt svo og því, hvernig stefnandi hækkar höfuðstól kröfu sinnar um á fallna vexti til 30. 4. 1986. Þá er því mótmælt, að heimild til vaxtalausrar skuldar, að fjárhæð 470.000 kr., sé niður fallin, svo og, að stefndi hafi verið krafinn um fullnaðarskil hennar í desember 1985.

III.

Í máli þessu hefur stefnandi ekki lagt fram frumskjöl, þ. e. fylgiskjöl, reikninga og skilagreinar, sem krafa hans á hendur stefnda byggist á. Frum-skjöl þessi hafa aftur á móti verið sýnd í réttinum. Stefnandi hefur hins vegar lagt fram matsgerð tveggja dómkvaddra matsmanna, sem hann telur sanna, að skuld stefnda við sig nemi stefnufjárhæðinni. Af hálfu stefnda var matsgerð þessari mótmælt sem rangri og óstaðfestri. Hann hefur þó ekki vefengt einstaka liði hennar.

Matsmenn hafa komið fyrir dóminn og staðfest matsgerðina. Þeir lýstu því fyrir rétti, að þeir hefðu skoðað tiltæk fylgiskjöl með öllum reiknings-færslum nema þeim, sem komu frá tekjubókhalda, en í því tilviki hafi verið stuðst við fyrir fram ákveðið úrtak. Meðal þeirra gagna, sem matsmenn

skoðuðu, voru allar skilagreinar stefnda til Hafskips hf. á tímabilinu janúar 1984, þar til viðskiptunum lauk.

Með hliðsjón af þeim rökstuðningi, sem fram kemur í matsgerð, fram-
burði matsmanna hér fyrir rétti og öðrum sóknargögnum, telst sannað, að
skuld stefnda við Hafskip hf. 30. apríl 1986 hafi numið 7.437.153 kr.

Á fylgiskjali með matsgerð, merktu A-5, er gerð grein fyrir útreikningi
á vaxtakröfu stefnanda. Þar kemur fram, að vextir voru reiknaðir af höfuð-
stól skuldarinnar að frádreginni úttekt liðins mánaðar og að frádreginni
vaxtalausri skuld, að upphæð 470.000 kr., allt til 30. apríl 1986. Hinn 1.
febrúar 1986 var á föllnum dráttarvöxtum í fyrsta sinn bætt við höfuðstól
skuldarinnar. Þá er skilmerkilega sýnt, hvernig vextir eru reiknaðir.

Það er álit dómsins, að vaxtakröfu stefnanda hafi ekki verið hnekk-
t, hvorki að því er varðar upphafstíma vaxta, vaxtafót né höfuðstólsfærslu
vaxta. Ber því að taka hana til greina, svo sem fram kemur í kröfugerð
stefnanda.

Stefndi telur hluta skuldarinnar, 4.726.795 kr., fyrndan, sbr. 1. tl. 3.
gr. laga nr. 14/1905.

Í 1. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfurét-
inda segir: „Kröfur út af sölu eða afhendingu á vörum eða lausafé, sem
ekki er afhent sem fylgifé með fasteign, þó svo, að haldi skuldunautur
áfram föstum viðskiptum við kaupmann, verksmiðju eða þvílíkan atvinnu-
reka og fái árlega viðskiptareikning, fyrnist ekki skuld, er hann kann í að
vera við nýár hvert, hvort sem hún stafar frá viðskiptum síðasta árs eða
ekki, meðan viðskiptum er haldið áfram óslitið“

Fallast má á með stefnda, að undantekningarákvæði 1. tl. 3. gr. laga
nr. 14/1905 eigi við um álitafæni það, sem hér um ræðir. Hins vegar verður
að líta svo á, að viðskipti stefnda og Hafskips hf. hafi staðið óslitið, frá
því að til þeirra var stofnað í byrjun árs 1984, þar til þeim lauk, er Hafskip
hf. var tekið til gjaldþrotaskipta og umboðssamningi sagt upp í byrjun árs
1986. Ákvæði í umboðssamningi, sem gerir ráð fyrir, að uppgjör fari fram
mánaðarlega 20. dag næsta mánaðar á eftir, breytir þar engu um. Af því
leiðir, að fyrningarfrestur á skuld stefnda við stefnanda fer ekki að líða
fyrir en við uppsögn samningsins. Er því sýknukrafa stefnda af hluta kröf-
unnar vegna fyrningar ekki tekin til greina.

Ekki er fallist á það með stefnda, að umboðssamningi hans við Hafskip
hf. hafi verið breytt á þá leið, að stefndi þyrfti ekki að bera neinn hluta
af tapi umboðsins frá 1. janúar 1985.

Hafskip hf. tók að sér að greiða 70% gjalda umfram tekjur umboðsins
rekstrarárið 1984. Sú ákvörðun var tekin í byrjun árs 1985 og var bundin
við ákveðna rekstrarniðurstöðu, sem þá lá fyrir. Til umræðu kom á þeim
tíma, að Hafskip hf. hlypi frekar undir bagga með stefnda um greiðslu

rekstrartaps af umboði hans í framtíðinni, en áhersla lögð á, að stefndi aðlagði kostnað af rekstrinum þeim tekjum, sem umboðið veitti honum. Ekki verður af málgögnum séð, að þessar umræður hafi náð svo langt, að ákveðið hafi verið, um hversu langt tímabil væri að ræða og hversu mikinn hluta kostnaðar umfram tekjur Hafskip hf. ætti að bera.

Stefndi hefur ekki lagt fram nein bókhaldsgögn, svo sem fylgiskjöl og reikninga, sem sýni rekstrarkostnað umboðsins. Hins vegar hafa verið lögð fram rekstrar- og kostnaðaryfirlit umboðsins á dskj. nr. 11, 31 og 50 til 60, sem stefnandi hefur vefengt. Þessum gögnum ber ekki saman tölulega um kostnað við reksturinn fyrir sama tímabil.

Gögn þessi þykja ekki að áliti dómsins nægilega traustur grundvöllur til mats á því, hvort stefndi hafi aðlagð kostnað af rekstri umboðs Hafskips hf. á Suðurnesjum árið 1985 og 1986 tekjum þess og orðið fyrir tapi af rekstri umboðsins eingöngu. Hafa ber í huga, að stefndi stundaði á sama tíma annan atvinnurekstur, og hefur því verið haldið fram af hálfu stefnanda, að kostnaði vegna þess rekstrar hafi ekki verið haldið aðskildum frá rekstri umboðsins. Því verður að telja, að stefnda hafi ekki tekist að sanna þessa málsástæðu, og er hún því ekki tekin til greina.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, ber að taka til greina kröfur stefnanda í máli þessu.

Miðað við þessa niðurstöðu þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem hæfilegur þykir ásamt virðisaukaskatti 850.000 kr., þar með talinn matskostnaður, 374.581 króna.

Dóm þennan kvað upp Sveinn Sigurkarlsson héraðsdómari ásamt með-dómsmönnum Reyni Ragnarssyni, löggiltum endurskoðanda, og Valtý Sigurðssyni lögfræðingi.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Þorvaldur Ólafsson, greiði stefnanda, þrotabúi Hafskips hf., 9.485.529 kr. ásamt [nánar tilgreindum dráttarvöxtum].

Stefndi greiði stefnanda málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskatt og matskostnað, 850.000 kr. Málskostnaður beri dráttarvexti skv. þriðja kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.